

Ár 2007, fimmtudaginn 1. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 10/2007**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 24. ágúst 2007 með kvörtun **A**, hrl., fyrir hönd sóknaraðila, dagsettri 17. ágúst 2007. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. ágúst 2007, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 21. september 2007. Var það sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. september 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 22. október 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 25. október og 1. nóvember 2007.

II.

Málsatvik.

Hinn 8. desember 2006 gerði sóknaraðili samning við **B**, í Danmörku um kaup á öllum hlutum í sænsku félögunum **C**, og **D**, en hið síðarnefnda var eigandi allra hluta í finnska félaginu **E**. Var samningur aðila og önnur skjöl honum tengdum á ensku. Áður en til kaupsamnings kom hafði varnaraðili hinn 28. nóvember 2006 gert óskuldbindandi tilboð í nefnda hluti fyrir hönd sóknaraðila. Hinn 11. desember 2006 lagði sóknaraðili fram bankatryggingu frá varnaraðila til tryggingar efdum af sinni hálfu.

Bráðabirgðakaupverð hafði miðast við að heildarvirði félaganna væri 30.000.000 sænskar krónur, vaxtaberandi skuldir 12.513.000 sænskar krónur og kaupverð hluta 16.371.000 sænskar krónur. Í samningi aðila voru síðan nánari ákvæði um endanlegt uppgjör kaupverðs og breytingar á því, en lokauppgjör skyldi fara fram eigi síðar en 8. janúar 2007.

Hinn 20. desember 2006, eða 12 dögum eftir gerð samnings sóknaraðila við **B**, gerðu sóknaraðili og varnaraðili með sér samning „um ráðgjöf vegna mögulegrar fjárfestingar“. Kom þar fram að sóknaraðili hefði hug á að efla starfsemi sína með kaupum á þeim tveimur sænsku félögum, sem áður voru nefnd. Voru félögin í samningnum nefnd saman „**G**“ upp á enska tungu, en „**H**“ þegar rætt var um annað hvort

þeirra. Að öðru leyti var samningur aðila á íslensku. Samkvæmt samningnum tók varnaraðili að sér að greina og verðmæta „G“, ræða við og kanna vilja eigenda þeirra til sölu, útbúa kynningar og veita ráðgjöf í viðræðum við „G“ og seljendur þeirra og veita ráðgjöf varðandi fjármögnun hugsanlegra kaupa á „G“. Þá skyldi varnaraðili hafa yfirumsjón með gerð kauptilboða, endanlegra kaupsamninga og annarra þeirra löggæringa sem þörf kynni að vera á vegna hugsanlegra kaupa. Umsamin þóknun skyldi vera 7% af heildarverði hvors „H“ um sig, auk útlagðs kostnaðar. Í samningi aðila var kveðið á um það að varnaraðili bæri enga bótaábyrgð á husanlegu tjóni sóknaraðila nema að því leyti, sem kynni að leiða af vanefndum, sem rekja mætti til stórfellds gáleysis eða ásetnings af hálfu varnaraðila.

Endanlegt kaupverð í ofangreindum viðskiptum sóknaraðila við **B**, varð 32.854.175 sænskar krónur og mun það hafa verið millifært af reikningum sóknaraðila og tengdra aðila til eigenda í byrjun janúar 2007. Sóknaraðili spurðist fyrir rafleiðis 15. febrúar 2007 um hækkun kaupverðs og var svarað með rafpósti skömmu síðar. Aðilar funduðu um málið 22. febrúar 2007 og með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 6. mars 2007, voru lagðar fram fimm spurningar til varnaraðila áhærandi uppgjör á nefndum viðskiptum og hækkun kaupverðs. Varnaraðili svaraði erindinu með bréfi, dagsettu 21. mars 2007. Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 14. maí 2007, var enn óskað eftir útskýringum varnaraðila á hækkun kaupverðs og ýmsar athugasemdir gerðar við ráðgjöf varnaraðila. Erindinu var ekki svarað.

Málið barst úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki 24. ágúst 2007 með kvörtun, dagsettri 17. ágúst 2007.

III.

Umkvörtunarefni.

Í kvörtun er kröfugerð sóknaraðila sett fram með eftirfarandi hætti:

„Þess er krafist f.h. [sóknaraðila] að [úrskurðarnefndin] kanni það hvort að ráðgjöf og önnur þjónusta [varnaraðila] sem veitt var [sóknaraðila] hafi verið með eðlilegum hætti eða hvort hún var til þess fallin að baka [sóknaraðila] tjón.

Þá er þess krafist að [úrskurðarnefndin] kanni einnig framgöngu [varnaraðila] í kjölfar kaupanna, þ.e. útskýringar [hans] og neitun að aðhafast nokkuð til að aðstoða [sóknaraðila] við að takmarka tjón sitt og leiðrétta stöðu [sóknaraðila].

Þá er þess að lokum krafist að komist [úrskurðarnefndin] að þeirri niðurstöðu að [varnaraðili] hafi brotið gegn starfsskyldum sínum og bakað [sóknaraðila] tjón, að [varnaraðila] verði gert að greiða [sóknaraðila] skaðabætur sem tjóninu nemur, þ.e. mismunur (sic) þess kaupverðs sem samið var um og þess kaupverðs sem [varnaraðili] tilkynnti [sóknaraðila] að honum bæri að greiða fyrir félögin eða SEK 3.970.175,00 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 10. janúar 2007 til greiðsludags.“

Sóknaraðili kveðst hafa leitað til varnaraðila þar sem hann hafi treyst því að varnaraðili byggi yfir sérfræðikunnáttu í tengslum við kaup og sölu fyrirtækja. Varnaraðili hafi hins vegar brugðist sóknaraðila í ráðgjöf sinni og eftirfylgni og hafi bakað honum tjón sem falist hafi í því að sóknaraðili hafi orðið að greiða herra kaupverð en áður hafi verið samið um.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess „að öllum kröfum [sóknaraðila] verði vísað frá eða hafnað.“

Varnaraðili kveðst í lok nóvember 2006 hafa verið beðinn um að aðstoða sóknaraðila við fyrirhuguð kaup á áðurnefndum sænskum félögum. Hafi sóknaraðili viljað bjóða 30.000.000 sænskra króna í félagið og hafi varnaraðili ekki lagt annað mat á tilboðsverðið en að það þætti ekki hátt miðað við uppgjör félagsins 31. október 2006. Þá hafi varnaraðili aðstoðað sóknaraðila við að ráða til sín endurskoðendur, ráðgjafa og lögfræðinga.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa samþykkt hækkun kaupverðs á fundi með seljenda þar sem hækkunin hafi verið útskýrð. Hafi í framhaldinu verið gengið endanlega frá samningum af hálfu sóknaraðila. Telur varnaraðili sóknaraðila bera ábyrgð á því að undirbúningur kaupanna hafi ekki verið eins og best yrði á kosið. Þá hafi sóknaraðili og getað hætt við kaupin þegar hann hafi verið upplýstur um kaupverð á fundi 8. desember 2006.

Til stuðnings kröfum sínum vísar varnaraðili til þess að úrskurðarnefndin hafi enga heimild til að kanna hvort ráðgjöf og önnur þjónusta varnaraðila hafi verið með eðlilegum hætti eða kanna framgöngu varnaraðila í kjölfar kaupanna. Verði hvorugt þessara atriða metið til fjár, sbr. b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá verði ekki séð að fjárkrafa sóknaraðila á hendur varnaraðila hafi nokkru sinni verið lögð fyrir varnaraðila.

Loks vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á stórfellt gáleysi eða ásetning varnaraðila eða aðila honum tengdum, en það sé skilyrði fyrir bótaábyrgð varnaraðila.

V.

Niðurstaða.

Mál þetta er sprottið af kaupum sóknaraðila á öllum hlutum í sænsku félögunum **C**, og **D**, og ráðgjöf varnaraðila í tengslum við þau kaup, sbr. samning aðila, dagsettan 20. desember 2007. Í málinu krefst sóknaraðili þess í fyrsta lagi að úrskurðarnefndin kanni hvort ráðgjöf og þjónusta varnaraðila hafi verið með eðlilegum hætti. Í öðru lagi er gerð sú krafa að úrskurðarnefndin kanni framgöngu varnaraðila í kjölfar ofangreindra kaupa. Í þriðja lagi krefst sóknaraðili skaðabóta að fjárhæð 3.970.175 sænskar krónur. Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði „vísað frá eða hafnað“. Skilja verður kröfugerð varnaraðila svo að hann krefjist þess aðallega að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Fyrstu tvær kröfur sóknaraðila lúta að því að úrskurðarnefndin kanni ráðgjöf, þjónustu og framgöngu varnaraðila. Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um kröfur, sem ekki verða metnar til fjár. Koma framangreindar kröfur sóknaraðila því ekki til frekari umfjöllunar.

Samkvæmt 5. gr. nefndra samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Sóknaraðili hefur

ekki beint áðurgreindri skaðabótakröfu sinni að varnaraðila. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, **M**, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 1. nóvember 2007.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson